

Nd.

131. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bærstjórn í Hafnarfirði

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Á eftir 3. málsgrein 12. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hlutfallskosningu skal viðhafa við kosningu nefnda, ef að minsta kosti 3 bærarfulltrúar krefjast þess.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni nokkurra manna í Hafnarfirði. Er og sanngjarnt, að hlutfallskosningar megi nota við kosningu nefnda í bærstjórninni, þegar bærstjórnarkosningarnar fara fram á þann hátt.